

16. gr.

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptatæki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

17. gr.

Brot gegn reglum þessum varðar viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942 um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

18. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. maí 1970. Frá sama tíma falla úr gildi „reglur um radióleyfi áhugamanna“ frá 1. janúar 1966, svo og „sérreglur“ frá 29. nóvember 1963.

Póst- og símamálastjórnin, 21. apríl 1970.

G. Briem.

Sig. Þorkelsson.

5. maí 1970.

Nr. 107.

S A M Þ Y K K T

um bann við hundahaldi í Dalvíkurkaupúni.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur hinn 29. ágúst 1968 samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, samþykkt að banna allt hundahald í Dalvíkurkaupúni í Dalvíkurhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Dalvíkurhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 5. maí 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón Thors.

Nr. 108.

R E I K N I N G U R

Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Efnahagsreikningur 31. desember 1969.

Eignir:

1. Innstæða hjá Búnaðarbanka:		
a. Ráðstafað	kr. 6 700 000.00	
b. Óráðstafað	— 6 573 609.10	
		kr. 13 273 609.10
2. Skuldabréf f. lánnum		— 17 612 484.85
		<hr/>
		Kr. 30 886 093.95

Skuldir :

1. Höfuðstóll	kr. 30 536 093.95
2. Viðskiptamenn (ógr. styrkir)	— 350 000.00
	<hr/>
	Kr. 30 886 093.95

Rekstrarreikningur 1969.

Tekjur :

1. Ríkissjóðsframlag	kr. 10 000 000.00
2. Vextir af lánum	— 614 334.60
3. Vextir af innstæðum	— 784 468.00
4. Lántökugjald	— 72 800.00
	<hr/>
	Kr. 11 471 602.60

Gjöld :

1. Kostnaður	kr. 147 800.00
2. Styrkveiting	— 350 000.00
3. Til höfuðstóls	— 10 973 802.60
	<hr/>
	Kr. 11 471 602.60

Nr. 109.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Símonar Bjarnarsonar Dalaskálds og Margrétar Sigurðardóttur konu hans fyrir árið 1968.

Tekjur :

Frá fyrra ári:	
1. Spariskírteini	kr. 16 000.00
2. Innstæða í bók nr. 25505	— 3 124.63
3. Vextir 1968	— 281.22
	<hr/>
	Kr. 19 405.85

Gjöld :

Til næsta árs:	
1. Spariskírteini	kr. 16 000.00
2. Innstæða í bók nr. 25505 í Búnaðarbanka Íslands	— 3 405 85
	<hr/>
	Kr. 19 405.85

Helga Guðmundsdóttir, Gilhaga.

Reikning þennan hef ég endurskoðað og geri ekki athugasemd aðra en þá, að vextir af spariskírteinum eru ekki færðir og ekki vitað um, hvað þeir eru.

Björn Egilsson.